

## Reifun á úrskurði 3/2019 – Tollflokkun á fjölnota hreinsitækjum

A kærði til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á tveimur fjölnota hreinsivélum af gerðinni Schmidt Swingo 200+. Fór kærandi fram á endurskoðun og endurgreiðslu ofgreidds vörugjalds ásamt vöxtum. Taldi kærandi að að tækin skyldu flokkast í tollskrárnúmer 8479.1000 en Tollstjóri taldi að tækin skuli flokkast í vörulið 8705.9019.

Niðurstaða: Í vörulið 8479 flokkast aðeins tæki sem ekki hafa verið talin upp eða hægt er að flokka annarsstaðar í tollskrá, til sérstakra nota. Hugtakið „til sérstakra nota“ er þýðing á hugtakinu „individual function“ sem mætti einnig útleggja sem tæki til einstakra eða aðgreindra nota. Vöruliðnum er ætlað að ná til tækja sem lúta þröngri skilgreiningu og finnst ekki staður annarsstaðar í tollskrá. Ennfremur eru götusópar nefndir í vörulið 8705 og eru þar af leiðandi ekki ótaldir annarsstaðar, sem er skilyrði fyrir flokkun í vörulið 8479. Ákvörðun staðfest.